

## GJALDSKRÁ

vegna þjónustu stuðningsfjölskyldna við fötluð börn

### 1. gr.

Kjósarhreppur greiðir stuðningsfjölskyldu barns þóknun fyrir hvern sólarhring sem barnið dvelur hjá fjölskyldunni. Greiðslur eru stigskiptar eftir umfangi fötlunar og/eða umönnunarþörf. Fyrir fötluð börn styðjast þær við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins og þá flokkun sem fram kemur í reglugerð þar að lútandi.<sup>(1)</sup>

Fjárhæð greiðslna er sem hér segir:

1. fl.: Börn sem eru algerlega háð öðrum með athafnir daglegs lífs.  
Greiddar eru kr. 49.177 fyrir hvern sólarhring.
2. fl.: Börn sem þurfa verulega aðstoð við athafnir daglegs lífs og gæslu.  
Greiddar eru kr. 38.055 fyrir hvern sólarhring.
3. fl.: Börn sem þurfa minni aðstoð en skv. 1. og 2. fl. en þurfa eftirlit við athafnir daglegs lífs.  
Greiddar eru kr. 32.229 fyrir hvern sólarhring.

Greiðslur til stuðningsfjölskyldna eru skattaskyldar verktakagreiðslur en draga má frá kostnað samkvæmt reglum Ríkisskattstjóra sem fjölskyldusvið Mosfellsbæjar vísar á.

### 2. gr.

Gjaldskrá þessi gildir frá og með 1. janúar 2025.

---

1) Reglugerð nr. 504/1997, um fjárhagslega aðstoð við framfærendur fatlaðra og langveikra barna.